

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN NORÐURLANDS
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P. O. BOX 580 - 602 AKUREYRI - ICELAND

GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐAR RÍKISINS, AKUREYRI

FYLLIEFNISNÁMUR VEGNA VEGARKAFLANS SKÚTUSTAÐIR - HELLUVAÐ Í MÝVATNSSVEIT

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Akureyri, okt 1992.

FYLLEFNISNÁMUR VEGNA VEGARKAFLANS SKÚTUSTAÐIR - HELLUVAD Í MÝVATNSSVEIT.

Henntugar fylliefnisnámur eru við vegamót þjóðvegs nr. 1 og vegar nr. 849 (Baldursheimur). Um er að ræða tvo ása gerða úr fíngerðum jökulruðningi (sjá mynd).

Annars vegar er ás sá er vegur nr. 849 liggur eftir, en vestan við veginn er gryfja, sem mikið efni hefur verið tekið úr. Hugmyndin er að halda áfram efnisnámi til austurs og lækka á sinn í nokkurn veginn sama plan og móarnir umhverfis eru í. Þarna er hægt að fá um 48.000 m³ af fíngerðum jökulruðningi, sem þó inniheldur nokkuð magn steina og hnullunga. Jökulruðningurinn er harður og verður vart unninn öðruvísi en með jarðýtu með tönn. Hugsanlega má vinna efnið með öflugri gröfu.

Í núverandi gryfju er námustál yfirleitt um 6 m, nema til endanna, þar er það lægra. Til austurs er aflíðandi halli. Efsti hluti ássins er ógrónir melar, en austurjaðarinn er þakinn jarðvegi, 1 - 1.5 m þykkum. Sennilega þarf þar að fjarlægja um 8.000 m³ af jarðvegi. Er auðvelt er að losa sig við hann til austurs, niður í móana milli námusvæðana. Rétt er einnig að fara með jarðýtu um yfirborð ógrónu melanna því efstu 0.5 m gætu verið moldarblandnir.

Þess ber einnig að geta að ef þessi náma verður notuð verður að fjarlægja veg nr. 849 og notast við bráðabirgðaveg á meðan á framkvæmdum stendur. Þeim vegi er auðvelt að koma fyrir í vesturjarðri núverandi gryfju.

Hitt námusvæðið er í sjálfum Olnbogaási til suðurs frá gamalli námu rétt við þjóðveg 1. Þarna er hægt að vinna mikið efnismagn til suðurs, vestan megin í ásnun (> 100.000 m³). Efnisgerð er sú sama og lýst var í fyrri námunni. Yfirborð ássins hefur nýlega verið grætt upp og jarðvegstorfur finnast á svæðinu. Því efni má ýta til vestur. Rétt er að vinna námuna inn í á sinn, þannig að skilið verði við svæðið með aflíðandi halla líkast því sem núverandi landslag er, en ekki í bröttu stáli.

